

Hverfisnefnd Naustahverfis

29. fundur haldinn í Naustatjörn þann 24.1. 2011 kl. 20.00

Mættir: Anna Sjöf, Ásdís, Bjarn, Björk, Gísli, Hrafnhildu og Ómar.

Dagskrá:

1. Áframhaldandi bygging Naustaskóla og lagning Dalsbrautar:

Framkvæmdir við Dalsbraut og áframhaldandi bygging Naustaskóla fóru inn á framkvæmdaáætlun hjá Akureyrarbæ fyrir árið 2011 og er Hverfisnefnd Naustahverfis ánægð með að L-listinn standi við gefin loforð hvað þessar tvær af mikilvægustu framkvæmdum fyrir hverfið varðar og lýsum yfir undrun á bókun minnihlutans sem gengur þvert á gefin loforð á kosningafundi sem haldinn var í Naustaskóla s.l. vor.

2. Almenningsamgöngur við hverfið:

Fengum senda áætlun Stætisvagna Akureyrar, en áttuðum okkur ekki á hvaða eða hvort einhverjar breytingar höfðu verið gerðar á áætluninni
.. Hrafnhildur tók að sér að kanna það nánar.

3. Snjómokstur:

Lauslega rætt um snjómokstur í hverfinu og er fullur skilningur á því að ekki sér hægt að moka í íbúðargötum fyrr er búið er að hreinsa stofn og tengibrautir bærjarins. Þó gerir lega gatna og lögum þeirra (hlykkjóttar) í hverfinu það að verkum og mjög misjafnt er hversu fljótt færð spillist, svo æskilegt væri að framkvæmdadeild tæki tillit til þess og mokaði fyrr þær götur sem alltaf verða ófærar mjög fljótt.

4. Nágrannavarsla:

Rætt var um að hafa aðra kynningu á nágrannavörslu á næsta íbúafundi, þar sem nú er komin reynsla á nágrannavörsluna víða í bænum og betur hægt að gera sér grein fyrir hvernig til hefur tekist.

Fleira var ekki rætt.

Fudargerð ritaði Anna Sjöfn.

